

Mánudagurinn 21. febrúar 2000 kl. 10:00

137. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 10/2000

**Kvörtun Alcan Deutschland GmbH yfir  
auglýsingabæklingi BYKO á Reynoclad áklæðningu**

**I.**

**Erindið**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 6. ágúst 1999, frá Ingólfi Friðjónssyni hdl. Ingólfur kvartar f.h. Alcan Deutschland GmbH yfir auglýsingabæklingi BYKO á Reynoclad áklæðningu. Í erindinu segir að auglýsingabæklingurinn hafi að geyma myndir af húsum klæddum áklæðningu sem Alcan framleiðir. Að mati kvartanda brýtur útgáfa og dreifing bæklingins í bága við 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Í erindinu segir:

*„Málavextir eru þeir að umbjóðandi minn framleiðir m.a. áklæðningu af gerðinni Alcan FF2. Þessi áklæðning hefur verið flutt inn og notuð við klæðningu margra bygginga hér á landi m.a. þriggja af þeim fjórum byggingum sem BYKO hf. birtir myndir af í auglýsingabæklingi sínum (fjórblöðungi í lit), en þar er verið að auglýsa og fjalla um Reynoclad áklæðningu, sem er að sjálfsögðu allt önnur vara en vara umbjóðanda míns og honum með öllu óviðkomandi. Á fremstu síðu bæklingins stendur Reynoclad áklæðning. Allur texti bæklingins fjallar eingöngu um Reynoclad áklæðningu.“*

Fram kemur í erindinu að Alcan mótmælti útgáfu bæklingins við BYKO, þann 28. júlí 1999. Í framhaldi af því ákvað BYKO að hætta dreifingu bæklingins en tók jafnframt fram að með því væru ekki viðurkenndar kröfur Alcan. Alcan taldi svar BYKO ófullnægjandi þar sem ekki hafi verið upplýst um upplag bæklingins né heldur svarað óskum um bætur. Síðan segir:

*„Þar sem í nefndum bæklingi er augljóslega verið að tengja vöru umbjóðanda míns við aðra vöru algerlega honum óviðkomandi, sem getur skaðað ímynd*

*vöru hans verður að telja að BYKO hf. hafi brotið samkeppnislög nr. 8/1993 með síðari breytingum sbr. einkum 20. og 21. gr. laganna.“*

Þá er í erindinu gerðar þær kröfur að samkeppnisráð kveði upp úrskurð þess efnis að útgáfa og dreifing nefnds bæklinga af hálfu BYKO teljist ólögmat, frekari birting og dreifing bönnuð og upplagið innkallað og því eytt.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Erindið var sent BYKO til umsagnar. Svar fyrirtækisins er dags. 25. ágúst 1999. Þar er vísað til bréfs BYKO til Alcan frá 3. ágúst sl. þar sem fram kemur að BYKO hafi hætt dreifingu bæklinga vegna framkominna andmæla og því séu aðgerðir af hálfu samkeppnisyfirvalda óþarfar. Þá er tekið fram að BYKO hafi selt allt efni til álklæðningar húseignanna sem myndir séu af í bæklingnum. Myndirnar sýni mjög almenna utanhússklæðningu sem á engan hátt sýni sérstök efniseinkenni viðkomandi klæðninga. Útlitslegur munur á álklæðingu frá t.d. Reynoclad og Alcan sé enginn. Þá segir í bréfinu:

*„Með birtingu umræddra mynda er því fyrst og fremst verið að sýna að BYKO hf. hefur viðtæka reynslu og þekkingu í sölu á utanhússklæðningu af þessu tagi. Á engan hátt var ætlunin að villa fyrir þeim er bæklinginn læsu, enda vandséð hverjum tilgangi slíkt hefði átt að þjóna fyrir BYKO hf. Í þeim tilvikum þar sem um efni frá framleiðandanum Alcan Deutschland er að ræða, hafði BYKO hf. keypt efnið af þáverandi umboðssöluaðila Alcan á Íslandi, Mega ehf. Hafði fyrirtækið veitt samþykki sitt fyrir því að notaðar yrðu myndir af hinu selda efni uppsettu í auglýsingaskyni. Er andmæli bærust frá Alcan Deutschland GmbH var hætt við dreifingu bæklinga.“*

*Eins og áður segir er útlitslegur munur á Reynoclad álklæðningu og álklæðningu frá Alcan enginn og því geta hvorki fagmenn né leikmenn greint á mynd hvort um klæðningu frá Alcan eða Reynoclad sé að ræða. Auglýsingin er því á engan hátt til þess fallin að villa fyrir þeim er les auglýsingabæklinginn, heldur er um að ræða almennar myndir af því hvernig uppsett utanhússklæðning lítur út lesandanum til fróðleiks. Myndbirtingar í auglýsingunni geta því ekki talist rangar eða villandi upplýsingar né heldur geta þær á einhvern hátt talist ósanngjarnar gagnvart neytendum eða keppinautum. Með vísan til*

*framangreinds verður því ekki fallist á að auglýsingin geti talist brjóta í bága við ákvæði 20. eða 21. gr. samkeppnislaga.“*

Að lokum kemur fram að BYKO hafi ákveðið að hætta dreifingu umrædds bæklingis svo ekki þurfi að koma til frekari deilna vegna málsins.

## 2.

Frekari athugasemdir Alcan eru dags. 3. september sl. Þar segir m.a. að með því að innkalla bæklinginn hafi BYKO í raun viðurkennt að fyrirtækið hafi brotið gegn Alcan. Þá segir að Alcan líti það mjög alvarlegum augum að BYKO skuli birta myndir af byggingum með klæðningum frá Alcan í umfjöllun og auglýsingu á allt annarri klæðningu. Sé það til þess fallið að blekkja og geti ekki flokkast undir góða viðskiptahætti. Myndirnar séu í mörgum tilvikum af mjög áberandi byggingum sem geri málið enn alvarlegra. Þá veiti það BYKO engan rétt þó svo fyrirtækið hafi á sínum tíma flutt inn viðkomandi klæðningu frá Alcan. Jafnframt er því mótmælt að dreifingu bæklingisins hafi verið hætt, enda sé Alcan með eintak hans undir höndum. Innköllun kunni að hafa átt sér stað þótt ekki hafi verið sýnt fram á það.

## 3.

Í athugasemdum BYKO, dags. 15. september sl., er því mótmælt að BYKO hafi með nokkrum hætti viðurkennt að hafa brotið rétt á Alcan með því að hætta dreifingu bæklingisins. Það hafi verið gert til að komast hjá deilum. Dreifingu hafi verið hætt er bæklingurinn var nýkominn úr prentsmiðju. Þá er ítrekað að ekki sé fallist á að um brot á 20. og 21. gr. samkeppnislaga sé að ræða og að útlitslegur munur á állklæðningunum sé ekki greinanlegur á mynd. Þá er jafnframt ítrekað að fulltrúi Alcan á Íslandi hafi veitt samþykki sitt fyrir því að BYKO notaði myndir af efni því er BYKO keypti til endursölu í auglýsingaskyni.

## 4.

Samkeppnisstofnun aflaði upplýsinga frá Mega ehf. sem hafði umboð fyrir Alcan. Í yfirlýsingu Hjartar Nielsen, stjórnarformanns Mega ehf., dags. 4. október sl., segir:

*„Undirritaður stjórnarformaður fyrirtækisins Mega ehf., kt. 660496-2469, sem var umboðsaðili fyrirtækisins Alcan Deutschland GmbH, staðfesti hér með að er BYKO hf. keypti állklæðningu af fyrirtækinu til endursölu, veitti Mega ehf.*

*samþykki sitt, sem umboðsaðili Alcan Deutschland á Íslandi, fyrir því að BYKO notaði myndir af efninu í auglýsingaskyni.*“

Til frekari staðfestingar þessarar yfirlýsingar átti starfsmaður Samkeppnisstofnunar símtal við Hjört Nielsen, þann 8. nóvember 1999. Lýsti Hjörtur því yfir að BYKO hafi haft fulla heimild til notkunar á myndum af Alcan álklaðningum á hvern þann hátt sem fyrirtækinu hentaði, þ.m.t. til auglýsinga á annarri tegund álklaðningar.

### III.

#### **Bréf Samkeppnisstofnunar**

Hinn 24. nóvember 1999 sendi Samkeppnisstofnun bréf til lögmanns Alcan. Þar segir m.a.:

*„Í 21. gr. samkeppnislaga er sú krafa gerð til auglýsinga að þær séu skýrar og ekki til þess fallnar að valda ruglingi eða misskilningi. Í framangreindum bæklingi eru birtar myndir af vel þekkjanlegum húsum sem í sjálfu sér geta verið auglýsing fyrir þá álklaðningu sem þau bera. Gefið er í skyn að húsin séu klædd annarri tegund álklaðningar en þau eru. Að mati Samkeppnisstofnunar eru það rangar, ófullnægjandi og villandi upplýsingar sem eru til þess fallnar að valda ruglingi. Gildir þá einu hvort útlitslegur munur er á klæðningunum eða ekki. Útgáfa og dreifing bæklingisins er því brot á 21. gr. samkeppnislaga.*

*...Í ljósi yfirlýsingar BYKO um að dreifingu bæklingisins hafi verið hætt og að heimild umboðsmanns Alcan Deutschland GmbH, til notkunar mynda af Alcan klæðningu í auglýsingu á Reynoclad álklaðningu var fyrir hendi við útgáfu bæklingisins, telur Samkeppnisstofnun ekki efni til frekari aðgerða að svo stöddu.“*

Jafnframt var Alcan gefinn frestur til að koma að athugasemdum við niðurstöðuna.

## IV.

### Frekari málsmeðferð

#### 1.

Lögmaður Alcan gerir athugasemdir við álit Samkeppnisstofnunar í bréfi, dags. 30. nóvember 1999. Þar segir m.a.:

*„Í bréfi yðar er fallist á að BYKO hf. hafi brotið gegn 21. gr. samkeppnislaga með útgáfu og dreifingu téðs bæklings, enda felst viðurkenning á brotinu í því að hætta dreifingu hans. Ég vil hins vegar leyfa mér að leiðrétta alvarlegar skekkjur í bréfi yðar. Það er alls ekki rétt að Mega ehf. hafi verið umboðsaðili Alcan Deutschland GmbH þegar nefndur auglýsingabæklingur var gefinn út. Hið rétta er að fyrirtækið Áltak ehf. varð umboðsaðili fyrir Alcan þann 1. janúar 1997. Mega ehf. sem var umboðsaðili á undan Áltaki ehf. hafði hins vegar heimild til að panta vöruna áfram frá Alcan til júníloka 1997. Sá bæklingur sem hér um ræðir fór hins vegar í dreifingu sennilega í júlí 1999. Hvað varðar yfirlýsingar forsvarsmanns Mega ehf. Hjartar Nielsen um „...að BYKO hf. hafi haft fulla heimild til notkunar á myndum af Alcan áklæðningum á hvern þann hátt sem fyrirtækinu hentaði.“ er því til að svara að forsvarsmáður Mega ehf. hafði og hefur á engum tímapunkti nokkra heimild til að leyfa umræddar myndbirtingar, síst af öllu löngu eftir að hann missti umboð fyrir vöruna. Slíkt hlýtur eingöngu að vera á valdi umbjóðanda míns Alcan Deutschland GmbH.“*

#### 2.

Í bréfi BYKO, dags. 27. desember 1999, eru gerðar athugasemdir við framangreint bréf Alcan. Þar segir m.a.:

*„BYKO hf. keypti klæðningar af gerðinni Alcan af Mega ehf., sem umboðsaðila Alcan Deutschland GmbH, á árinu 1997. Eins og sést á ...reikningsyfirliti og afritum reikninga var um umtalsverð viðskipti að ræða, einkum um sumarið 1997. Mátti BYKO ekki ætla annað en að Mega ehf. væri fullgildur umboðsaðili hér á landi fyrir vörur Alcan Deutschland GmbH.“*

*Áður en gengið var frá kaupunum, var svo um samið, að BYKO hf. hefði fulla heimild til notkunar á myndum af efninu í auglýsingaskyni eins og kemur fram í yfirlýsingu Hjartar Nielsen, dags. 4. október 1999. Var fyrrgreind heimild til myndnotkunar ein af forsendum BYKO hf. fyrir viðskiptunum. Taldi BYKO hf.*

*og telur, að Mega ehf. hafi haft, sem umboðsaðili fyrir Alcan klæðningar, fulla heimild til þess að heimila slíka myndbirtingu í auglýsingaskyni á Íslandi.“*

Þá er að lokum ítrekuð sú afstaða fyrirtækisins að auglýsingabæklingurinn brjóti ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga.

### 3.

Með bréfi, dags. 11. janúar 2000, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

### V.

#### Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, þann 11. febrúar 2000, var m.a. tekin afstaða til Reynoclad auglýsingabæklings BYKO. Um málið fjölluðu Atli Freyr Guðmundsson, Sólveig Ólafsdóttir og Jóhannes Gunnarsson. Í fundargerð auglýsinganefndar segir:

*„Auglýsinganefnd telur að BYKO hafi gefið neytendum rangar og villandi upplýsingar með því að auglýsa Reynoclad álklæðningu með myndum af húsum klæddum álklæðningu frá öðrum framleiðanda. Í því tilviki sem hér um ræðir álklæðningu frá Alcan. Útgáfa bæklingsins brjóti því gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.*

*Í trausti þess að BYKO hafi hætt dreifingu umrædds auglýsingabæklings telur auglýsinganefnd ekki ástæðu til að samkeppnisráð banni dreifingu hans.“*

### VI.

#### Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs sem haldinn var þann 21. febrúar 2000, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Sigurbjörn Magnússon.

Í erindi kvartanda, Alcan Deutschland GmbH, er því haldið fram að með útgáfu og dreifingu á auglýsingabæklingi á Reynoclad álklæðningu hafi BYKO gerst

brotlegt við 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Í bæklingnum eru ýmsar framleiðsluupplýsingar og staðreyndir um Reynoclad áklæðningar ásamt myndum af húsum klæddum áklæðningum. Fram hefur komið að af fjórum byggingum sem myndir eru sýndar af í bæklingnum eru þrjár bygginganna ekki klæddar Reynoclad áklæðningu heldur áklæðningu frá Alcan.

Við málsmeðferð hefur komið fram að BYKO telur sig hafa haft leyfi umboðsmanns Alcan, Mega ehf., til að nota myndir af húsunum til auglýsinga m.a. á Reynoclad áklæðningum. Samkeppnisstofnun fékk staðfestingu frá Mega um að leyfið hefði verið veitt. Eftir að Samkeppnisstofnun hafði birt Alcan álit sitt í þessu máli kom í ljós að Mega hafði veitt leyfið á árinu 1997. Á þeim tíma hafði fyrirtækið ekki umboð fyrir Alcan heldur aðeins leyfi til að selja vöruna í endursölu. Í upphafi árs 1997 hafði Alcan skipað annan umboðsmann á Íslandi. Ekkert bendir til viðskipta BYKO með áklæðningar frá Alcan frá því í október 1997. Umdeildur auglýsingabæklingur var ekki gefinn út fyrr en í lok júlímánaðar 1999. Áður en bæklingurinn var gefinn út virðist BYKO hvorki hafa kannað hvort umboðið væri enn í höndum Mega né hafa athugað hvort aðrar forsendur leyfisins hafi breyst á þeim tveimur árum sem liðu frá veitingu leyfisins. Að mati samkeppnisráðs fellst í framangreindu brot á góðum viðskiptaháttum sbr. 20. gr. samkeppnislaga, einkum með tilliti til þess að engin viðskipti virðast hafa átt sér stað hjá BYKO með Alcan áklæðningar frá árinu 1997 og heimild til myndbirtingar af þessu tagi harla óvenjuleg.

Í málflutningi Alcan kemur fram sú skoðun að Mega hafi ekki haft heimild til að leyfa umræddar myndbirtingar. Að mati samkeppnisráðs heyrta álitamál af þeim toga ekki undir samkeppnislög heldur undir almenna dómstóla.

Samkeppnisráð er sammála álitum auglýsinganefndar um að neytendum hafi verið gefnar rangar og villandi upplýsingar með því að auglýsa Reynoclad áklæðningar með myndum af húsum klæddum áklæðningum frá Alcan. Jafnframt telur samkeppnisráð að slíkt hafi verið ósanngjarnt gagnvart Alcan keppinauti Reynoclad. Samkeppnisráð telur að ekki skipti máli hvort útlitslegur munur áklæðninganna sé mikill eða lítill. Ekki sé um sömu vöru að ræða og hafi slík framsetning verið til þess fallin að valda ruglingi. Með útgáfu og dreifingu bæklingins hafi BYKO brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

Í ljósi þess að BYKO stöðvaði dreifingu bæklingisins í byrjun ágúst 1999 telur samkeppnisráð að ekki sé ástæða til að krefjast innköllunar eða banns á dreifingu hans.

## VII.

### Ákvörðunarorð:

**„Með útgáfu og dreifingu auglýsingabæklingis á Reynoclad álklæðningu, þar sem birtar eru myndir af byggingum með álklæðningum frá Alcan Deutschland GmbH, hefur BYKO hf., Skemmuvegi 2a, Kópavogi, brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga.“**